



Ef fjölmiðlar hafa samband

Leiðbeiningar fyrir brotþola og aðstandendur

RÓTIN



Félag um málefni
kvenna með áfengis-
og fíknivanda

Bæklingurinn er þýddur og staðfærður með góðfúslegu leyfi Canadian Resource Centre for Victims of Crime og er aðgengilegur á vefsíðu samtakanna á ensku: <http://crcvc.ca/publications/if-the-media-calls/>.

Mannréttindaráð Reykjavíkur og Góði hirðirinn/Sorpa styrktu útgáfuna.

Rótin - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda

www.rotin.is | rotin@rotin.is | <http://www.facebook.com/rotin.felag>

Verkefnið styrktu:



Helstu atriði í stuttu máli

- Þú hefur alltaf val um það hvort þú talar við fjölmiðla eða ekki. Ef þú velur að tala við fjölmiðla er mikilvægt að átta sig á því að þú hefur litla stjórn á því sem sagt er frá og hvernig það er kynnt almenningi.
- Þú skalt aldrei segja neitt sem þú vilt ekki að sé birt. Allt sem þú segir í viðtali er skráð og skjalfest. Taktu þér tíma í að undirbúa þig fyrir viðtöl og íhugaðu að hafa stuðningsaðila með þér. Þú gætir líka valið að útnefna talsmann til að koma skilaboðum þínum á framfæri við fjölmiðla.
- Ef lögreglurannsókn er í gangi eða málarekstur í undirbúningi getur fjölmiðlaumfjöllun haft áhrif á málaferlin. Það er mikilvægt að þú ræðir við lögreglu, lögfræðing eða aðra sem þjónusta brotaþola um hvað þú mátt og mátt ekki segja.
- Vertu varkár á samfélagsmiðlum þar sem blaðamenn geta fundið og birt upplýsingar sem þar birtast.
- Fjölmiðlar berjast oft fyrir aðgangi að persónuupplýsingum, sem dómstólar takmarka aðgang að, á forsendum „almannaheillar“.
- Það getur verið erfitt að vernda einkalíf þitt. Vertu viðbúin(n) því að fjölmiðlar birti hvers eðlis mál þitt er og einstök atriði þess jafnvel þó að útgáfubann sé á upplýsingum um málið. Þeir gætu líka birt framburð þinn að hluta eða öllu leyti, þar sem hann er orðinn opinbert skjal þegar þú ert að leggja hann fram í rétti.
- Mundu að fjölmiðlar geta flutt fréttir af glæpnum, rannsókninni og málaferlunum hvenær sem er, líka eftir að þeim lýkur. Fréttaflutningur þeirra getur komið brotaþolum að óvörum mánuðum og árum síðar.
- Áhugi og umfjöllun fjölmiðla er mismikil eftir málum og minnkar eftir því sem frá líður. Fréttaflutningur veltur á því hvort sagan er talin „frétt næm“ og á öðrum fréttum sem berjast um birtingu á sama tíma.
- Tónninn í fjölmiðlaumfjölluninni getur breyst hvenær sem er. Til dæmis geta fjölmiðlar dregið upp jákvæða mynd af brotaþola og síðan getur umfjöllunin skyndilega orðið mjög neikvæð. Oft er ábyrgðin á glæpnum sett á brotaþola, t.d. ef í ljós kemur að hann er á sakaskrá.

Tilgangur leiðbeininga um samskipti við fjölmiðla

- Þessum leiðbeiningum er ætlað að hjálpa brotaþolum að vinna með fjölmiðlum á markvissan og þægilegan hátt (eða hafna því að gera það). Það er þýðingarmikil ákvörðun fyrir brotaþola að vera í sambandi við fjölmiðla af því að fjölmiðlaumfjöllun getur haft jákvæð eða neikvæð áhrif á bataferli hans.
- Ef þú hefur orðið fyrir alvarlegum glæp vilja fjölmiðlar taka við þig viðtal. Að vera brotaþoli eða að eiga ástvin sem orðið hefur fyrir glæp þýðir ekki að þið hafið gefið frá ykkur réttinn til einkalífs. Brotaþolar sem ekki hafa áhuga á að tala við fjölmiðla geta hafnað því boði þegar þeim hentar.
- Brotaþolar sem kjósa að deila sögu sinni geta fundið til kvíða vegna viðtals sem er framundan. Til að slá á þessa tilfinningu hjálpar að undirbúa sig vel fyrir viðtalið. Þessar leiðbeiningar aðstoða brotaþola við að undirbúa sig fyrir samskipti við fjölmiðla.

Það skiptir máli að vera fyrstur með fréttirnar

- Þó að brotaþolar séu í alvarlegu áfalli vilja fjölmiðlar svör við spurningum sínum og þeir vilja ekki bíða eftir þeim.
- Fjölmiðlar vilja koma staðreyndum málsins til almennings og þetta á sérstaklega við um áberandi mál og mál þar sem hinn grunaði er ekki fundinn eða hefur ekki verið handtekinn.
- Fjölmiðlar geta flutt fréttir af glæpum, rannsókninni og málaferlunum hvenær sem er, líka eftir að þeim lýkur. Fréttaflutningur þeirra getur komið brotaþolum að övörum mánuðum og árum síðar.
- Þó að flestir fjölmiðlamenn reyni að sýna tillitssemi er vert að hafa í huga að ekki er víst að þeir hafi formlega þjálfun í því hvernig komið er fram við brotaþola á nærgætinn hátt.

Í umfjöllun fjölmiðla er lögð áhersla á

- **Fréttagildi** – Sumir hópar brotþola eru taldir fréttæmari en aðrir. Brotþolar með fréttagildi eru til dæmis börn, konur og aldraðir. Oftsinnis munu fréttamenn leggja talsvert á sig til að ná í viðtöl og fá framburð frá brotþolum sem taldir eru grandalausir. Það er mikilvægt að taka það fram að þjóðerni, stétt og fjárhagsstaða hafa áhrif á fjölmiðlaumfjöllun. Brotþolar sem ekki eru taldir hafa mikið fréttagildi eru meðal annars fórnarlömb mansals og vændis, jaðarhópar og minnihlutahópar sem augsýnilega eru ekki af íslensku bergi brotnir. Fjölmiðlaumfjöllun um þessa hópa getur verið ábótavant.
- **Tegundir glæpa** – Ofbeldis- og kynferðisglæpir áberandi einstaklinga fá meiri athygli en aðrir glæpir svo umfjöllunin er meiri og aðgangsharðari. Glæpir sem framdir eru af aðila sem ókunnugur er brotþola eru sjaldgæfari en glæpir sem framdir eru af nákomnum en þeir fá meiri athygli.
- **Afbrot ungmenna** – Umfjöllun um afbrot unglunga er oft meiri en ástæða er til og í henni gleymist oft að afbrotaunglingar eru í raun oft fórnarlömb. Í sumum tilfellum er í raun verið að brjóta gegn friðhelgi barna og unglunga með umfjöllun og myndbirtingum af þeim.

Hvers má vænta af fjölmiðlum

- Erfitt getur verið að vernda einkalíf, sérstaklega þegar um þekkta aðila er að ræða, en þá er nær ómögulegt að komast undan fjölmiðlaumfjöllun.
- Ágengir eða ákafir fjölmiðlamenn geta haft áhrif á að þolendur fái að syrgja með reisu og á einkalíf hlutaðeigandi.
- Fjölmiðlar hafa áhuga á tilfinningaþrungnum sögum. Það getur verið mjög erfitt fyrir brotþola að halda ró sinni eftir að brotið er á honum. Taktu með þér stuðningsaðila eða tilnefndu talsmann ef á þarf að halda til að komast hjá tárum, reiði eða öðru stjórnleysi í samskiptum við fjölmiðla.
- Fjölmiðlar geta sent beint frá vettvangi glæps eða frá réttarhöldum í gegnum samfélagsmiðla og munu nýta alla miðla, s.s. myndbönd, hljóðskrár og myndir, til að koma upplýsingum um glæpinn á framfæri.

- **Áberandi glæpir:** Mál getur orðið áberandi í litlu samfélagi en sum mál ná athygli um allt land eða jafnvel allan heim. Búast má við slíkri umfjöllun ef: eðli glæpsins er sérstakt eða furðulegt; brotapolí er aðlaðandi og vel stæð kona; gerandinn virðist vera málsmetandi þjóðfélagsþegn; brotapolar eru fleiri en einn; ofbeldið var gegndarlaust eða kynferðislegt; gerandinn þekkti ekki brotapolana; brotapolana var saknað um tíma áður en hann fannst eða ef brotapolí/gerandi er þekkt persóna.
- **Fréttahraði:** Fjölmiðlamenn vilja koma frétt sinni á framfæri eins fljótt og mögulegt er og því er oft lítil tími til að fá staðfestingu á staðreyndum málsins. Fréttir eru oft fluttar beint, sérstaklega í gegnum samfélagsmiðla, og oft beint frá vettvangi brots.
- **Einkalíf:** Fjölmiðlamenn geta verið mjög uppþrengjandi og beðið um viðtöl á viðkvæmum stundum, til dæmis við jarðarfari, réttarhöld, dómsuppkvaðningu, við yfirheyrslu vegna reynslulausnar og á tímamótum, s.s. minningar- eða hátíðisdögum. Þú getur verið ringluð/-aður, berskjölduð/-aður og ófær um að tjá þig opinberlega á þeirri stundu. Fjölmiðlar munu halda áfram að grafa upp upplýsingar linnulaust og munu jafnvel leita í fortíð fólks til að finna upplýsingar sem hægt er að gera að fréttæfni. Jafnvel þó að fréttabann sé á máli þínu geta fjölmiðlar samt flutt fréttir um eðli og atvik málsins. Þú ættir líka að vera meðvituð/-aður um það að fjölmiðlar geta nálgast framburðarskýrslu þína og birt hana alla eða hluta hennar, þar sem hún er orðin opinbert gagn um leið og hún er lögð fyrir dóm.
- **Persónuupplýsingar:** Fjölmiðlar geta berskjaldað brotapolana eða ættingja með því að birta nöfn, heimilisföng, upplýsingar um samstarfsmenn, fjölskyldu og vini um leið og þeir komast yfir slíkar upplýsingar. Þeir bíða ekki eftir því að brotapolí upplýsi ættingja sína um válegar fréttir. Gera verður ráð fyrir því að allar persónuupplýsingar sem grafnar eru upp séu birtar.
- **Kvikmyndir og ljósmyndun:** Fréttamenn og fjölmiðlamenn munu reyna að ná myndskaiðum og myndum af ofbeldi, líkpökum á vettvangi glæps og særðu fólki. Þeir geta gert það af miklu harðfyllgi og á óviðeigandi tímum án vitneskju þinnar eða samþykkis. Fjölmiðlar þurfa ekki þitt samþykki til að nota myndir sem teknar eru á vettvangi glæps, við jarðarför, á samfélagsmiðlum og svo framvegis. Þó að þér finnist þetta vera innrás í einkalíf þitt líta fjölmiðlar svo á að myndirnar geri söguna mannlegri og auki á dramatísk áhrif hennar.

- **Rangar upplýsingar:** Í málum þar sem lítið af upplýsingum er fyrir-
liggjandi birta fjölmiðlar stundum rangar upplýsingar eða vangaveltur til að gera
söguna áhugaverðari eða frétt næmari. Þetta getur haft áhrif á trúverðugleika
vitnis og aukið á skammtilfinningu.
- **Of ítarlegar upplýsingar:** Ástvinir geta komist að afdrifaríkum og særandi
upplýsingum um brotaþola og eðli brota gegn honum á ýmsum fréttamiðlum.
- **Dylgjur:** Fjölmiðlar geta ýmist upphafið eða ýkt atburðina með því að ásaka brota-
þola. Atburðum getur verið lýst þannig að ýjað er að því að brotaþoli beri að
einhverju leyti ábyrgð á því að brotið var á honum. Þannig hafa fjölmiðlar áhrif
á samúð lesenda eða skapa ásakandi andrúmsloft gagnvart brotaþola. Þó að
fjölmiðlar birti ekki rangar upplýsingar vísitandi geta þeir ýjað sterklega að
atburðarás sem ekki er sannleikanum samkvæm.

Að taka ákvörðun

- Það getur verið erfitt að ákveða hvort rétt sé að tala við fjölmiðla eða ekki. Umfjöllun
getur haft jákvæð eða neikvæð áhrif.
- Þú hefur lítil tækifæri til að hafa stjórn á því hvaða atriði fá fjölmiðlaathygli og á ein-
hverjum tímapunkti getur umfjöllun snúist frá því að vera jákvæð yfir í það að vera
neikvæð. Af þessum sökum ættir þú að gæta vel að því sem þú lætur fjölmiðlum í té.
- Þó að þú hafir stjórn á þeim upplýsingum sem þú lætur frá þér skaltu hafa í huga að
blaðamenn geta fengið upplýsingar um þig eða ástvini þína annars staðar frá.
- Ef lögreglurannsókn er í gangi getur fjölmiðlaumfjöllun haft áhrif á málaferlin. Það
er mikilvægt að þú ræðir við lögreglu, lögfræðing eða aðra sem þjónusta brotaþola
um hvað þú mátt og mátt ekki segja.
- Mundu að þú þarft ekki að tala við fjölmiðla, jafnvel þó að þeir sýni mikið harðfygli.
Það getur verið góð hugmynd að forðast samskipti við fjölmiðla á meðan þú ert í
uppnámi eða afneitun, eða ef þú ert ráðvillt/-ur og örvæntingarfull/-ur, en allt eru
þetta eðlileg viðbrögð í kjölfar ofbeldis.

Mögulegir kostir þess að deila sögu þinni í fjölmiðlum

- **Breyting á opinberri stefnu og skilningi:** Þú getur vakið athygli á ófullnægjandi stefnu stjórnvalda og haft áhrif á breytingar á réttarkerfinu.
- **Aukinn skilningur á hlutskipti brotþola:** Það tekur sinn toll að verða fyrir glæp, líkamlega, tilfinningalega, andlega, fjárhagslega og sálrænt. Umfjöllun um einstaka brotþola getur hjálpað öðrum borgurum að skilja hvaða afleiðingar ofbeldi hefur fyrir brotþola og hvaða áhrif ofbeldi hefur á þá og ástvini þeirra. Þú getur hjálpað brotþolum framtíðarinnar að vinna úr álagi og kvíða. Sagan þín getur verið drifkraftur fyrir þá sem vinna við að aðstoða fólk sem brotið hefur verið á.
- **Þín hlið sögunnar:** Með því að segja þína sögu stuðlar þú að jafnvægi í réttarkerfinu með því að deila sjónarhorni brotþola/eftirlifanda þar sem fjölmiðlar einblína oft á stefnda/geranda.
- **Forvarnir:** Að upplýsa almenning og stuðla að því að koma í veg fyrir að aðrir verði fyrir álíka brotum.
- **Mannlegi þátturinn:** Ofmettun fjölmiðla á fréttum af glæpum getur leitt til afmennskunar brotþola. Glæpir hafa mikil áhrif á brotþola og ástvini þeirra og þeir setja líka mark sitt á samfélög. Framkoma í fjölmiðlum getur nýst öðrum og hjálpað þeim að skilja bein áhrif glæpa.
- **Viðurkenning:** Ef þú deilir þínu sjónarhorni með öðrum gætir þú fengið stuðning og viðurkenningu annarra á því sem þú hefur upplifað. Reynslan gæti hjálpað þér að ná heilsu og hamingju eftir undangengna atburði.
- **Innblástur:** Aðstæður þínar og það sem þú deilir með almenningi getur orðið öðrum hvati til að kæra glæp og/eða leita sér stuðnings.
- **Valdefling:** Það getur verið að þér finnist að þú hafir náð stjórn á lífi þínu með því að segja sögu þína og jafnframt haft áhrif á réttarkerfið.
- **Stuðningur:** Ef þú segir sögu þína getur þú aukið stuðning við þjónustuúrræði við þolendur.

Möguleg áhætta af því að koma fram í fjölmiðlum

- **Lögreglurannsóknin:** Það er ráðlegt að fara varlega í að tjá sig í fjölmiðlum, sérstaklega ef rannsókn lögreglu er í gangi. Það getur stefnt málinu í hættu að tala við fjölmiðla meðan á rannsókn stendur eða þegar málið er fyrir dómstólum. Ef þú ert ekki viss skaltu tala við rannsóknarlögreglumanninn sem sér um málið þitt, upplýsingafulltrúa lögreglunnar eða þjónustuaðila brotþola.
- **Líðan:** Fyrir suma getur það aukið á áfallaviðbrögð af völdum ofbeldis að tala opinberlega um það sem kom fyrir þá. Það tekur tíma að vinna sig út úr afleiðingum ofbeldis, að ekki sé talað um það að höndla lögreglurannsókn, dómsmeðferð og ágenga fjölmiðla.
- **Stjórnleysi:** Ekki er hægt að sjá fyrir hvernig fjallað verður um þitt mál, ef fjallað er um það á annað borð. Umfjöllunin getur verið gloppótt og umfang hennar mismunandi. Sum mál fá litla umfjöllun vegna annarra fréttu sem fá mikla athygli á sama tíma.
- **Erfið endurupplifun:** Ef frétttaflutningur er ónægætinn, ónákvæmur eða í æsi-fréttastíl getur fólki fundist að brotið sé á því á nýjan leik. Fjölmiðlar geta valdið auknum skaða með ónægætni og ágengni þegar þeir leita upplýsinga.
- **Myndir:** Hafðu í huga að myndin sem þú útvegar fjölmiðlum af ástvinum verður notuð aftur og aftur í frétttaflutningi, jafnvel mánuðum og árum síðar. Ef fjölmiðlum tekst ekki að finna mynd strax þá fara þeir á samfélagsmiðlana og finna mynd sem þú hefur enga stjórn á hver er. Fjölmiðlar mega líka mynda/kvikmynda heimili þitt ef þeir halda sig á götunni og fara ekki inn á lóðina hjá þér.
- **Fjölskyldumeðlimir:** Það er ekki víst að fjölskyldan þín styðji þig og þörf þína til að ræða við fjölmiðla. Ekki er víst að hún hafi áhuga á því að blanda fjölmiðlum inn í sorgarferli sitt. Einnig getur verið að fjölskyldan vilji ekki opinbera ákveðnar upplýsingar. Brotþolar ættu að huga að því að frétttaflutningur getur haft áhrif á aðstandendur, ung börn og unglinga bæði nú og í framtíðinni.
- **Vonbrigði með fjölmiðla:** Strax eftir glæpinn eru fjölmiðlar á stöðugri vakt og saga brotþola jafnvel áberandi í fréttum. Að lokum taka aðrar fréttir við og þá getur brotþola þótt hann einn og yfirgefinn.

- **Ágengur fréttaf lutningur:** Fréttamenn sækjast eftir viðtölum strax eftir að glæpurinn var framinn, við jarðarfari, réttarhöld og við dómsuppkvaðningu. Þeir geta haft samband í gegnum síma eða tölvupóst, nálgast þig á almannafæri, fundið þig á samfélagsmiðlum eða komið heim til þín eða í vinnuna.
- **Birting upplýsinga:** Þegar þú gefur út yfirlýsingar til fjölmiðla geta þær birst víða. Þú getur búið við því að upplýsingarnar verði prentaðar í blöðum/tímaritum, rætt um þær í sjónvarpi og útvarpi, vísað í þær á bloggsíðum, á Facebook, Twitter og hvar sem er á Internetinu. Þegar einu sinni er búið að birta upplýsingar opinberlega er mjög erfitt að bera þær til baka eða eyða þeim.

Góð ráð þegar rætt er við fjölmiðla

- Taktu ákvörðun um hvort þú vilt veita viðtal, lesa undirbúna yfirlýsingu eða einfaldlega gefa skriflega yfirlýsingu.
- Það er mikilvægt að íhuga hvort þú vilt eiga samskipti við fjölmiðla í eigin persónu, láta annan um þau eða leita til einhvers sem hefur reynslu af því að fást við fjölmiðla til að vera fulltrúi þinn. Sumar fjölskyldur útnefna einn meðlim sem fjölmiðlafulltrúa til að hafa stjórn á og fylgjast með því sem sagt er. Það getur líka verið gagnlegt að fá vin eða fjölskyldumeðlim til að fylgjast með fréttaf lutningi til að hlífa öðrum fjölskyldumeðlimum sem eru viðkvæmir. Ef frétt er sérstaklega neikvæð getur brotaþoli tekið afstöðu til þess hvort hann vill sjá hana.
- Ef þú ákveður að fara í viðtal, vertu þá tilbúin/-n með yfirlýsingu áður og settu viðtalinu mörk. Vertu á verði gagnvart því sem tekið er upp, bæði hljóði og mynd. Þegar einu sinni er búið að taka viðtal eða ljósmynd eða þegar viðburður hefur verið kvikmyndaður hefur þú litla stjórn á því hvernig efnið er notað og þú getur ekki afturkallað það.
- Ef þú ert óviss um hvað er óhætt að segja við fjölmiðla, eða hvort þú eigir að tala við þá, ættir þú að leita ráða hjá lögreglunni, lögfræðingi eða aðilum sem þjónusta brotaþola.

Undirbúningur fyrir viðtöl

- Þú getur valið dagsetningu, tíma og stað fyrir viðtal við fjölmiðla.
- Spyrðu blaðamanninn um hvað fréttin sé til að hjálpa þér við undirbúning. Ef það stendur til boða skaltu biðja blaðamanninn að senda þér spurningarnar fyrirfram. Þú getur þá valið að svara þeim með tölvupósti. Mundu að þú hefur meira vald yfir því sem þú skrifar en því sem þú segir.
- Undirbúðu yfirlýsingar fyrirfram og forðastu að koma með yfirlýsingar í hita augnabliksins.
- Vertu með þrjú til fjögur atriði sem þú vilt koma að, skrifaðu þau niður og komdu þeim að strax í upphafi viðtals. Til dæmis: „Það sem mig langar mjög mikið að segja er eftirfarandi ...“, “ eða „Það mikilvægasta sem ég hef að segja er ...“ Komdu þessum skilaboðum áleiðis aftur og aftur á mismunandi hátt við hvert tækifæri. Láttu blaðamanninn ekki afvegaleiða þig eða draga athyglina að öðru en þínum upphaflegu áherslum.
- Þú getur haft stjórn á því hvaða upplýsingum þú deilir. Þú getur sett mörk og sagt blaðamanninum að þú munir ekki tala um ákveðna hluti. Þegar þú hefur sagt eitthvað við blaðamann getur þú ekki tekið það til baka eða ætlast til að hann noti ekki upplýsingarnar.

Þú skalt krefjast virðingar

- Stattu með sjálfri/-um þér. Ekki láta blaðamann koma illa fram við þig eða fara yfir þín mörk og valda þér ónotatilfinningu.
- Gerðu hlé ef þú kemst í uppnám meðan á viðtalinu stendur. Það er allt í lagi að biðja um 5–10 mínútna hlé til að jafna sig.
- Farðu fram á það að myndavélar/blaðamenn mæti ekki við jarðarför eða heim til fórnarlambinsins eða sýni særandi myndir í sjónvarpi.
- Ef einhver kemur óboðinn heim til þín skaltu fara fram á viðkomandi fari og hringdu í lögregluna ef ekki er farið að óskum þínum.

Það er allt í lagi að segja nei

- Þú getur neitað að svara öllum spurningum sem valda þér óþægindum.
- Það er allt í lagi að segja: „Ég get ekki svarað þessu eins og er.“
- Þú getur lokið viðtali þegar þú vilt. Reyndu að halda ró þinni ef þú kýst að ljúka viðtali skyndilega.
- Þú getur komið í veg fyrir taugatrekkjandi andrúmsloft með því að tala eingöngu við einn blaðamann í einu.
- Þú bæði getur og ættir að undanskilja ung börn frá viðtölum.
- Þú getur neitað að koma fram í mynd með því að fara í sjónvarpsviðtal sem skuggamynd eða fara í blaðaviðtal án þess að láta taka af þér mynd.
- Þú getur farið fram á að hafa stuðningsaðila viðstaddan meðan á viðtali stendur.

Að stýra viðtalinu

- Slakaðu á og taktu þinn tíma. Talaðu hægt og skýrt
- Hlustaðu á alla spurninguna áður en þú svarar. Vertu viss um að þú skiljir spurninguna rétt.
- Hugsaðu um svarið áður en þú svarar.
- Vertu heiðarleg/-ur. Ef þú veist ekki svarið við einhverju, segðu það.
- Ef þú ert ekki viss getur þú alltaf sagt: „Ég er ekki með nógu miklar upplýsingar til að svara þessu að fullu.“
- Vertu samkvæm/-ur sjálfum þér í þeim upplýsingum sem þú veitir.
- Þú skalt aldrei gefa rangar upplýsingar eða ljúga að blaðamanni.
- Þú skalt ekki giska eða vera með vangaveltur um málið. Haltu þig við það sem þú veist.

- Hafðu í huga þegar þú talar við blaðamann að þú ert líka að tala við alla áheyrendur hans – mögulega þúsundir lesenda, hlustenda og áhorfenda.
- Þú getur tekið upp hljóð og/eða mynd af öllum viðtölum til að tryggja áreiðanleika þess sem þú segir.
- Varastu að segja eitthvað sem þú vilt ekki láta birta. Allt sem þú segir í viðtali er skráð og skjalfest. Ekki segja neitt sem þér þætti ekki þægilegt að sjá á prenti. Þegar þú hefur svarað skaltu hætta að tala. Hægt er að nota allt sem þú segir í fjölmiðlaumfjöllun.
- Hafðu fjölmiðlana á þínu bandi – þeir gætu búið yfir upplýsingum sem þér hefur ekki verið veittur aðgangur að. Spurðu þá hvað þeir vita.

Eftir viðtalið

- Þú getur farið fram á leiðréttingu ef mistök hafa verið gerð.
- Kvartaðu við fjölmiðlafyrirtækið eða fjölmiðlanefnd.
- Hafðu samband við þá sem þjónusta brotþola eða lögregluna ef þér finnst blaðamenn áreita þig.

Fjölmiðlataekni

- Tæknin hefur breytt því hvernig fréttir af glæpum eru fluttar og hversu fljótt blaðamenn þurfa að birta fréttir. Dagblöð eru ekki lengur með tímamörk fyrir skil í morgunblöðin þar sem þau eru öll með vefsíður sem dreifa upplýsingum um atvikið tafarlaust.
- Margir blaðamenn eru á Twitter og geta flutt fréttir þaðan í rauntíma frá vettvangi glæps, réttarhöldum o.s.frv.
- Fjölmiðlar eru ekki bundnir af neinu öðru en banni við birtingu (sérstaklega nöfnum á barnungum fórnarlömbum og vitnum og fullorðnum fórnarlömbum kynferðisglæpa), dómsúrskurðum og stefnu eigenda sinna. Fjölmiðlar berjast oft fyrir aðgangi að persónuupplýsingum sem dómstólar takmarka aðgang að á forsendum „almannaheillar“. Almannaheill þýðir að upplýsingarnar séu í þágu almannaöryggis eða -velferðar.
- **Samfélagsmiðlar:** Fjölmiðlamenn munu leita uppi persónuupplýsingar sem finnast á bloggsíðum, persónulegum vefsíðum og samfélagsmiðlum eins og Facebook og Twitter til að nota í umfjöllun sinni. Þolendur ættu að fara varlega þegar þeir skrifa á samfélagsmiðlum í kjölfar þess að hafa orðið fyrir ofbeldi. Þú skalt líka vera meðvituð/-aður um að ókunnugir gætu skrifað grimmdarlegar, illa upplýstar og særandi athugasemdir á samfélagsmiðlum og í athugasemdakerfum vefmiðla.
- **Allir geta birt:** Á Internetinu geta allir birt særandi athugasemdir, myndskreið og myndir undir nafnleynd. Þetta getur komið óþægilega við þig ef um er að ræða viðkvæmar eða áður óbirtar upplýsingar um þig, þolanda eða brotamanninn. Einnig geta fjölskylda og vinir fengið mikilvægar eða viðkvæmar upplýsingar á vefmiðlum áður en þú hefur tækifæri til að upplýsa þau.
- **Staðreynd/uppspuni:** Fólk hefur tilhneingingu til að trúá öllu sem birt er á Internetinu án tillits til uppruna þess eða áreiðanleika. Hægt er að birta ósannindi um glæpinn, fórnarlambið eða brotamanninn.

Niðurstaða

- Áfallið sem þú verður fyrir þegar þú verður fyrir ofbeldi er mikið og það tekur tíma að vinna úr því. Það getur verið ógnandi að þurfa að vera í samskiptum við fjölmiðla ofan á þá persónulegu erfiðleika sem þú stendur frammi fyrir. Skoðaðu vandlega mögulega áhættu og ávinning af því að vera í samskiptum við fjölmiðla.
- Þú átt rétt á því að hafna því að tala við fjölmiðla og varðveita einkalíf þitt. Ef þú vilt deilasögu þinni skaltu skipuleggja þig fyrirfram og leita stuðnings hjá þeim aðilum sem þjónusta þolendur. Aukin umfjöllun fjölmiðla getur haft í för með sér erfiða endurupplifun svo að þú skalt undirbúa þig vel fyrir viðtöl og aðrar spurningar fjölmiðla, til að lágmarka streitu.

RÓTIN

Félag um málefni
kvenna með áfengis-
og fíknivanda



Rótin - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda
www.rotin.is | rotin@rotin.is | <http://www.facebook.com/rotin.felag>